# Athugasemdir

A. vid toblurnar:

ad No. 1. Þessi Tabla (efter Alder, Kjøn og ægteskabelig Stilling) á ad brúkast óumbreitt ad ødru leiti enn því, ad í fyrirsogninni umbreitist „Herred eller Birk" til Sýslu, og ríður á ad Summurnar í Tøblunum No. 1 og 3 beri saman, eptir þeim géfnu Reglum 2 og 9.

ad No. 2. Þessi Tabla (efter Religions Bekjendelser) fellur aldeilis burtu, þared hér í landi ekki eru ýmislegir trúarbragdaflokkar.

ad No. 3. Þared þeir í þessari Tøblu (efter Næringsveiene) nefndu flokkar ekki allir verda notadir vegna kríngumstædanna hér í landi, álítst réttast einúngis ad brúka þessi flokkaskipti:

a) **Geistlegir embættismenn og Kénnendur vid latínuskólann.** (Med geistlegnm embættismønnum, t. d. Prófostum, Prestum, Capellánum, teljast ekki Medhjálparar, Kyrkjuverjar).
Þessir innfærast undir flokkinn No. 1.

b) **Verdslegir (Civil) embættismenn og Kónglegir public þénarar.** (Hér undir heimfærast allir Kónglegir Embættismenn og þénarar, einnin kóngsjarda Forpagtarar, Administratorer. Oeconomus vid Bessastada Skóla. Hospitalshaldarar. Þar í móti ekki Hreppstjórar né adrir, sem kjørnir eru til ad bera launalaus borgaraleg þýngsli).
Þessir innfærast undir flokkinn No. 2.

c) **Literati. Studentar.** (Undir Literati reiknast embættislausir Candidati et examinati juris et Candidati Theologiæ. Undir Studenta, allir Candidati Philologiæ eda Philosophiæ, samt allir Dimissi sem halda vid lærdóm, undir Prestsskap eda Deposits, og loks Bessastada Skóla (ekki privat) kénnslupiltar).
Þessir innfærast undir flokkinn No. 3.

d) **Þeir sem lifa af jardaryrking.** (Hér undir skiljast svo vel þeir stærri sem smærri búendur á heimajørdum, hjáleigum og grashúsum, sem einkanlega lifa af jardaryrking, þótt þeir þaradauki kunni ad leita sér atvinnu af sjónum, t. d. med því ad senda sjómenn til fiskiveranna á vertídum).
Þessir innfærast undir flokkinn No. 8.

e) **Þeir sem hafa vidurværi af sjónum.** (Hér undir heimfærast þeir sem hafa adal-vidurværi af sjónum, svosem sjóarbændur, lódsar, etc., þótt þeir medfram kynnu ad hafa nokkurt gras).
Þessir innfærast undir flokkinn No. 9.

f) **Þeir sem lifa af Handverkum,** (svosem Bakarar, Beykirar, Sødlamakarar, Skómakarar og Snidkarar; þó samt einúngis þegar þeirra adal-atvinna er Handverkid, því efad þeir ad mestu lifa af jardaryrking edur sjáfarafla, heimfærist þeir einúngis undir annanhvørn af næst ofannefndum flokkum).
Þessir innfærast undir flokkinn No. 10. hjá því vidkomandi Handverki.

g) **Þeir sem lifa af høndlun.** (Hér undir heyra svovel Kaupmenn sem Factorar, Assistentar, samt annad launad fólk vid høndlunarhús).
Þessir innfærast undir flokkinn No. 11.

h) **Pensionistar.** (Þ. e. a) áđurverandi Embættismenn sem njóta Kónglegrar pensíónar. b) Embættismanna Ekkjur sem njóta tillags árlega af Ekkna eda pensíónskassa. c) Emerit prestar sem hafa tillag af Prestakallinu. d) Prestaekkjur sem njóta tillags af Prestakøllunum.
Þessir innfærast undir No. 12.

i) **Sveitarlimir, Hospitalslimir.** (Fyrir sveitarlimi takast þeir, sem einúngis lifa af sveitinni, eda á fátækra fé. Tala þeirra á ad koma saman vid sveitar protocolla).
Þessir innfærast undir No. 14.

k) **Fángar.** (Þ. e. þeir sem af vidkomandi yfirvaldi eru settir í vardhald).
Þessir innfærist undir No. 16. b.

l) **Adrir, sem ei kunna heimfærast undir ofantalda flokka.**
Þessir innfærast undir No. 17.

Í øll þau flokkaskipti í Tøblunum, sem hér ekki eru nefnd, innfærist ekkért. Ad ødruleiti er þad sjálfsagt ad fólkstalid nákvæmlega verdur ad innfærast í þá réttu af þeim 4 dálkum, nefnilega: a, høfudpersónurnar, b, medhjálparar etc., c, hjú, d, konur, børn og annad skyldfólk.

## B. Vid reglurnar fyrir samningi Sóknartablanna yfir fólksfjøldann.

a) Ad Sóknarprestarnir fylgi svo nákvæmlega sem verdur, því sem fyrirlagt er í 1ta, 2um, 4da, 5ta og 9da Pósti.

b) Ad þeir einnin veiti því eptirtekt í einstaka fyrirfallandi tilfellum, sem umgétur í 6ta, 7da og 8da Pósti, hvarámóti 3ji Póstur fellur burtu, þar honum aungvanvegin verdur vidkomid hér í landi.

c) Ad þegar hvør Prófastur er búinn ad samanbera fólkstølulistana vid Tøblur Prestanna, og er viss ordinn um, ad hvørttveggja med sínum Summum er rétt, á hann ad senda hvørutveggja í einu lagi innan 5 mánada frá talníngar deginum til Sýslumannsins.